



cutting through complexity

Rekstrarfyrirkomulag Innheimtustofnunar sveitarfélaga

18. ágúst 2015





KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími 545 6000
Fax 545 6001

Innanríkisráðuneytið

8. júlí 2015

Málefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

KPMG og innanríkisráðuneytið gerðu með sér samning þann 7. október 2014 um að KPMG tæki að sér að kanna faglegan og fjárhagslegan ávinning af því að færa verkefni sem nú eru hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga til stofnunar eða stofnana á vegum ríkisins.

Í samræmi við samninginn hefur KPMG unnið skýrslu þessa um fyrri áfanga verkefnisins.

KPMG ehf.
Svanbjörn Thoroddsen
Partner á ráðgjafarsviði KPMG

Fyrirvarar

Skýrsla þessi inniheldur niðurstöður KPMG vegna verkefnisins.

Við gerð þessarar skýrslu höfum við stuðst við gögn og viðtöl við verkkaupa og fulltrúa þeirra stofnana sem fyrir koma í skýrslunni.

Skýrslu okkar ber ekki að skilja sem staðfestingu þess að ekki sé til að dreifa öðrum álitaeftum sem kunna að vera mikilvæg fyrir mat á tilfærslu verkefna.

KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður verkefnisins í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar kunna að verða á grundvelli skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli verkefnisins eða niðurstaðna sem í skýrslunni eru, er hjá verkkaupa eða öðrum aðilum er að málinu kunna að koma.



Samantekt niðurstaðna	4
Inngangur	7
Lagaumhverfi og starfsemi Innheimtustofnunar sveitarfélaga	11
Innheimtuárangur	27
Tillögur um breytingar	37

Samantekt niðurstaðna

Efni	Niðurstöður	Umfjöllun
Lagarammi	<ul style="list-style-type: none"> Samkvæmt því fyrirkomulagi sem nú gildir annast ríkið milligöngu um greiðslu lágmarksmeðlags, sem er í raun einkaréttarleg krafa, og sveitarfélög bera síðan ábyrgð á að ríkið fái fulla endurgreiðslu þeirra fjármuna. Ekki liggja fyrir samandregnar opinberar upplýsingar um fjölda meðlagsgreiðenda. Því er ekki unnt að meta hve stór hluti meðlaga fer í innheimtuferil hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga. Starfsemi og rekstur Innheimtustofnunar markast af þeim lagaramma sem henni er sniðinn. 	Síða 12
Stjórn og stjórnýsla	<ul style="list-style-type: none"> Í stjórnýslunni er það hverfandi fyrirkomulag að stjórn stofnunar annist afgreiðslu einstaklingsmála. Einnig skortir á að einstaklingar geti skotið ákvörðun stjórnar til annars aðila, s.s. úrskurðarnefndar. 	Síða 14
Rekstur	<ul style="list-style-type: none"> Vergur rekstrarkostnaður IS (kostnaður að frádregnum lífeyrisskuldbindingum og útlögðum kostnaði) hefur verið 7-9% af innheimtum hvers árs. 90% tekna IS eru innheimtir dráttarvextir, en aðrar tekjur eru innheimtupóknanir og endurheimtur kostnaður. Öfugsnúið er að tekjugrunnur skuli að svo stórum hluta vera dráttarvextir þegar meginmarkmið hlýtur að eiga að vera að greiðendur meðlaga séu í skilum og greiði sem minnsta dráttarvexti. Meðlagskröfur til innheimtu sem sitja á efnahagsreikningi IS nema ríflega 4 ára meðlögum. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir IS það sem á vantar að tekjur IS nægi til endurgreiðslu til TR á mismun á álögðum og innheimtum meðlögum og greiðslu rekstarkostnaðar IS. Greiðslan hefur verið mjög breytileg á milli ára og sveiflast á bilinu 423–1.384 m.kr. síðustu 13 ár miðað við fast verðlag. 	Síða 16
Innheimtukerfi	<ul style="list-style-type: none"> Stofnunin styðst við sérsníðað tölvukerfi sem einn einstaklingur þjónustar í verktöku. Sérsníðað tölvukerfi sem einn einstaklingur þjónustar er óásættanlega brothætt í rekstri. Töluverðir fjármunir hafa á undanförunum árum verið lagðir í að forrita og viðhalda þessu sérsníðaða kerfi. 	Síða 24
Árangur við innheimtu	<ul style="list-style-type: none"> Sá mælikvarði sem IS notar til að meta innheimtuárangur er innheimt fjárhæð á hverju ári í hlutfalli við útgreitt meðlag hjá TR. IS mælir ekki hversu stór hluti innheimtra meðlaga er vegna krafna sem stofnast til á viðkomandi ári og hversu mikið er vegna eldri krafna, þ.m.t. dráttarvextir og þóknanir. IS mælir ekki innheimtuhraða, hlutfall eða fjárhæð í vanskilum og tímalengd vanskila. Samanburður við innheimtuárangur einkaaðila fyrir opinbera aðila eins og Félagsbústaði sýnir að innheimtuárangur IS virðist slakur, líka að teknu tilliti til þess að munur er á forsendum mælikvarða. 	Síður 28-36

Tillögur	Niðurstöður	Umfjöllun
Ábyrgð málaflokksins	<ul style="list-style-type: none"> Lagt er til að ábyrgð málaflokksins verði flutt alfarið yfir til ríkisins og að milliganga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði lögð af. Við flutning þessarar ábyrgðar þarf að fara fram fjárhagslegt mat á þeim fjármunum sem færast myndu frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til ríkisins. <ul style="list-style-type: none"> Árið 2014 var greiðslan 729 m.kr. og 817 m.kr. árið 2013. Einnig er rétt að gera ráð fyrir endurmati á árangri í innheimtu eftir að ábyrgðin hefur verið flutt yfir til ríkisins. Eðlilegt er að báðir aðilar fái að njóta ávinningsins ef breytt fyrirkomulag leiðir til bættrar og/eða kostnaðarminni innheimtu. Þrír valkostir eru settir fram um fyrirkomulag á framkvæmd málaflokksins hjá ríkinu. 	Síða 38
Valkostur	Niðurstöður	Umfjöllun
Innheimta meðlags í sjálfstæðri stofnun á forræði ríkisins.	<ul style="list-style-type: none"> Helsti kostur við að innheimta meðlags verði áfram í sjálfstæðri stofnun er að með því skapast möguleg tækifæri til að einfalda verulega stjórnábyrgð og skapa umgjörð til að bjóða innheimtuna út til annarra stofnana eða einkaaðila. 	Síður 40-42
Innheimta meðlaga færð til sýslumanna.	<ul style="list-style-type: none"> Helstu kostir þess að færa innheimtu til sýslumanna er að fjölga innheimtuverkefnum þeirra og efla með því núverandi innheimtustarfsemi. Sýslumenn og IMST sinna innheimtuverkefnum sem í eðli sínu eru að mörgu leyti sambærileg við verkefni IS. Möguleiki er að fela IMST þann hluta innheimtuferilsins sem miðstöðin hefur almenn sérhæft sig í. Aðgengi meðlagsgreiðenda út um landið yrði greiðara að afgreiðslustöðum, þó sérhæfing yrði ekki á öllum afgreiðslustöðum. 	Síður 44-47
Innheimta meðlaga færð til Tryggingastofnunar ríkisins.	<ul style="list-style-type: none"> Ýmis rök hníga til þess að fela sömu stofnun að greiða út meðlög og innheimta þau til baka. Tækifæri eru til að nýta þekkingu hjá starfsmönnum IS og TR til að bæta verkferla við innheimtu. Aðgengi meðlagsgreiðenda út um landið yrði greiðara að afgreiðslustöðum. Mögulegt er að fela IMST hluta innheimtuverkefna með sama hætti og TR gerir í dag eða úthýsa innheimtunni. Það er niðurstaða KPMG að heppilegast sé að færa verkefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga til Tryggingastofnunar ríkisins. 	Síður 49-53
Fjárhagslegur ávinningur	<ul style="list-style-type: none"> Gróft mat sýnir að fjárhagslegur ávinningur við færslu verkefna til sýslumanna eða TR og/eða með úthýsingu innheimtunnar gæti verið allt að 630 m.kr. á ári. 	Síða 55



cutting through complexity

Inngangur

- Skýrsla þessi byggir á verksamningi á milli KPMG og innanríkisráðuneytisins, sem gerður var í október 2014.
- Tilgangur þessa verkefnis er að kanna faglegan og fjárhagslegan ávinning af því að færa verkefni sem nú eru hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga til stofnunar eða stofnana á vegum ríkisins. Helst er horft til tilflutnings verkefnanna til sýslumannsembætta, eins eða fleiri, eða til Tryggingastofnunar ríkisins.
- Greindir eru kostir og gallar þess að færa verkefni frá Innheimtustofnun sveitarfélaga og það borið saman við núverandi fyrirkomulag. Við tillögugerðina var m.a. horft til:
 - Skilgreiningar verkefnanna og getu stofnananna til að taka við verkefnum, innheimtukerfum og -ferlum.
 - Tilflutnings starfa og starfsmanna.
 - Mögulegrar staðsetningar innheimtupjónustunnar.
 - Helstu atriða og álitamála í uppgjöri fjármuna og skuldbindinga á milli sveitarfélaga (Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga) og ríkissjóðs.
 - Breytinga sem gera þarf á lagaumhverfi.
- Gert er ráð fyrir að vinna KPMG verði í tveimur áföngum. Í fyrri áfanga sem skýrsla þessi tekur til er gerð tillaga um leið og helstu atriði varðandi útfærslu, sem verkkaupi getur notað til þess að taka ákvörðun um framhald. Í seinni hluta verður unnin nánari greining og útfærsla, sem verkkaupi getur notað til þess að undirbúa breytingar og hrinda þeim í framkvæmd.
- Í verksamningi er skilgreindur bakhópur fyrir verkefnið og hafa verið tekin viðtöl og leitað álits valinna aðila úr hópnum. Bakhópurinn mynda:
 - Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu.
 - Elín Pálsdóttir, forstöðumaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
 - Bolli Þór Bollason, skrifstofustjóri í velferðarráðuneytinu
 - Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga
 - Sigurður Pétursson, stjórnarformaður Innheimtustofnunar sveitarfélaga
 - Jón Ingvar Pálsson, forstjóri Innheimtustofnunar sveitarfélaga
 - Þórólfur Halldórsson, formaður Sýslumannafélags Íslands
 - Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.

Fyrri niðurstöður um fyrirkomulag verkefna Innheimtustofnunar sveitarfélaga

- Á undanförunum árum hefur nokkrum sinnum verið fjallað um verkefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga, bæði á vettvangi ríkis og sveitarfélaga.
- Í maí 2010 var gefin út skýrsla starfshóps um heildarendurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem skipaður var af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.
 - Að því er varðar Innheimtustofnun sveitarfélaga komst starfshópurinn að þeirri niðurstöðu „að eðlilegt væri að verkefni stofnunarinnar verði færð til ríkisins þar sem þau verði sameinuð öðrum innheimtukerfum ríkissjóðs.“
 - Helstu rökin fyrir þessari niðurstöðu eru þau að fjárförf Innheimtustofnunar sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hafði þá farið mjög vaxandi. Viðbótarfjárförf þessi kom niður á útgjaldajöfnunarframlögum sjóðsins sem mikill meirihluti sveitarfélaganna hefur fengið.
- Sambærilegar niðurstöður hafa áður komið fram í tengslum við endurskoðun verkefna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, s.s. í skýrslum frá árunum 2002 og 2007.
- Velferðarráðherra skipaði í desember 2012 starfshóp til að vinna að frekari greiningu á kostum og göllum þess að færa verkefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga til Tryggingastofnunar ríkisins. Í starfshópnum sátu fulltrúar frá velferðarráðuneytinu, innanríkisráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Tryggingastofnun ríkisins og Innheimtustofnun sveitarfélaga.
 - Í október 2013 lá fyrir greiningarvinna starfshópsins og leit hann þá svo á að verkefni hans væri í raun lokið. Í drögum að greinargerð starfshópsins kemur fram að tímabært sé að undirbúa næstu skref í átt til sameiningar stofnananna. Næstu skref yrðu að taka ákvörðun um hvort lengra skyldi haldið með sameininguna.
 - Fyrir liggur að forstjóri Innheimtustofnunar sveitarfélaga sem sat í starfshópnum var ekki tilbúinn til að standa að þeirri niðurstöðu.

KPMG sendi drög að þessari skýrslu til yfirlstrar hjá stjórnendum Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Sérstaklega var óskað eftir leiðréttingum ef rangt væri farið með tölur eða aðrar staðreyndir um stofnunina. Tekið hefur verið tillit til leiðréttinga sem frá þeim komu. Hins vegar kom jafnframt fram hörð gagnrýni á niðurstöður skýrslunnar og vinnubrögð við undirbúning hennar. Að beiðni Innheimtustofnunar og að fengnu samþykki verkkaupa hefur athugasemdum stjórnenda Innheimtustofnunar verið bætt inn í skýrsluna þar sem við á. Það er gert til að sýna viðbrögð og sjónarmið þeirra varðandi niðurstöður KPMG sem komið hafa fram við vinnslu verkefnisins.

Jafnframt bárust KPMG umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Karli Björnssyni, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórólfi Halldórssyni, sýslumanninum í Reykjavík, Sigríði Lilly Baldursdóttur, forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, Sigurði Péturssyni, formanni stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga og Adolfi H. Berndsen, fulltrúa í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.



cutting through complexity

Lagaumhverfi og starfsemi Innheimtustofnunar sveitarfélaga

Samkvæmt því fyrirkomulagi sem nú gildir annast ríkið milligöngu um greiðslu lágmarksmeðlags, sem er í raun einkaréttarleg krafa, og sveitarfélög bera síðan ábyrgð á að ríkið fái fulla endurgreiðslu þeirra fjármuna.

Verkefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga

- Innheimtustofnun sveitarfélaga starfar á grundvelli laga nr. 54/1971, með síðari breytingum.
- Millifærsla, greiðsluábyrgð og innheimta meðlaga er á opinberri hendi, kjósi foreldrar að fara þá leið.
 - Ákvörðun um meðlag er tekin í samningi foreldra um meðlag, úrskurði sýslumanns eða dómi á grundvelli barnalaga nr. 76/2003.
 - Tryggingastofnun ríkisins er skylt að hafa milligöngu á milli foreldra um greiðslu lágmarksmeðlags ef óskað er eftir því, sbr. barnalög og lög um almannatryggingar nr. 100/2007.
 - Innheimtustofnun sveitarfélaga annast síðan innheimtu hjá meðlagsskyldum foreldrum á meðlögum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra.
 - Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir Innheimtustofnun sveitarfélaga það sem á vantar að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunar ríkisins og greiðslu rekstrarkostnaðar Innheimtustofnunarinnar.
- Samkvæmt framangreindu annast ríkið milligöngu um greiðslu lágmarksmeðlags sem er í raun einkaréttarleg krafa og sveitarfélög bera síðan ábyrgð á að ríkið fái fulla endurgreiðslu þeirra fjármuna.
- Ríkið tryggir þannig meðlagsgreiðslur til meðlagsþega, án þess að bera ábyrgð á að hámarka möguleika til innheimtu og lágmarka útgjöld sem í ábyrgðinni felast.
- Milliganga þessi og innheimta meðlaga er án kostnaðar fyrir þá sem í hlut eiga, svo fremi sem þeir standi í skilum, og stendur öllum foreldrum til boða án tillits til aðstæðna þeirra. Er t.d. í lögunum ekki kveðið á um ábyrgðar- eða áhættugjald með sama hætti og gildir um ríkisábyrgðir að öðru leyti, sbr. 4. gr. laga um ríkisábyrgðir nr. 121/1997.

Athugasemdir Innheimtustofnunar:

„Ljóst er, að aldrei verður unnt að innheimta meðlög að fullu“ segir í greinargerð með lögum nr. 54/1971. Höfundar frumvarpsins gerðu sér grein fyrir að eðli innheimtunnar væri þannig að það væri ekki hægt að innheimta að fullu og settu ákveðinn lagaramma utan um innheimtuna til að tryggja ákveðna innheimtu. Henni var ekki ætlað að innheimtast að fullu með þeim lögum sem voru þá sett. Að ætla nú rúmum fjórtíu árum síðar að telja innheimtuna ófullnægjandi og telja hana verða betri með sameiningu við TR lýsir ákveðnu skilningsleysi á eðli innheimtunnar og þeim lögum sem um hana gilda.“
„Opinberar meðlagsskröfur [...] eru ekki einkaréttarlegar kröfur í skilningi nügildandi laga“.

Samkvæmt lögum er það
hlutverk stjórnar stofnunarinnar
að fjalla um umsóknir
einstaklinga um ívilnun.

Skipan stjórnar og helstu verkefni hennar

- Samkvæmt lögum nr. 54/1971 skipar ráðherra þriggja manna stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.
 - Þar af eru tveir stjórnarmenn tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
 - Tryggingastofnun ríkisins tilnefnir áheyrnarfulltrúa til setu á fundum stjórnarinnar.
- Stjórn stofnunarinnar ræður forstjóra hennar og annað fast starfslið stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra.
- Stjórnin fundar að jafnaði 12 sinnum á ári og standa fundir að meðaltali í um 3,5 klst.
- Stjórnin fjallar um fjármál stofnunarinnar, fylgist með rekstri hennar og kemur að mótun svara við ýmsum erindum til stofnunarinnar.
- Stjórninni er heimilt að gera samninga við skuldara um ýmis konar ívilnandi úrræði tengd höfuðstól og dráttarvöxtum, sbr. 5. gr. laganna.
 - Allar umsóknir skuldara um ívilnun eru teknar fyrir á formlegum stjórnarfundum þar sem farið er yfir forsendur umsóknar og gögn sem að baki liggja.
 - Á árinu 2013 voru til afgreiðslu hjá stjórninni 2.333 ívilnunarmál og á árinu 2014 voru ívilnunarmálin 2.350.
 - Að meðaltali er því fjallað um tæplega 200 ívilnunarmál á hverjum stjórnarfundi.
- Að öðru leyti er ekki fjallað um verkefni stjórnarinnar í lögnum eða reglugerð nr. 49/1996 sem sett var á grundvelli þeirra.

Athugasemdir Innheimtustofnunar:

„Ekki er kærueimild vegna lögbundinnar innheimtu skatta og gjalda, sem að mörgu er sambærileg meðlagsinnheimtu (launaafdráttur, Norðurlandainnheimta o.fl.)”

Í stjórnarsýslunni er það hverfandi fyrirkomulag að stjórn stofnunar annist afgreiðslu einstaklingsmála. Einnig skortir á að einstaklingar geti skotið ákvörðun stjórnar til annars aðila, s.s. úrskurðarnefndar.

Veikleikar núverandi fyrirkomulags varðandi stjórnina

- Þróun undanfarinna ára í íslenski stjórnarsýslu hefur verið að fækka stjórnnum opinberra stofnana. Þar sem þörf er talin á stjórnnum er hlutverk þeirra fyrst og fremst að vera ráðgefandi eða hafa með höndum almenna stefnumótun og eftirlit með starfsemi stofnunar, en ekki að taka ákvarðanir í einstaklingsmálum.
 - Sem dæmi má nefna að stjórn Tryggingastofnunar ríkisins fjallar ekki um einstaklingsmálefni, sbr. lög um almannatryggingar nr. 100/2007. Sú stjórn skal staðfesta skipulag stofnunarinnar, árlega starfsáætlun og fjárhagsáætlun og marka stofnuninni langtíma stefnu. Stjórnin hefur einnig eftirlit með starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og að rekstur stofnunarinnar sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma.
 - Annað sambærilegt dæmi er stjórn Vinnumálastofnunar sem starfar samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006.
 - Faglega er eðlilegra að sérfræðingar annist ákvarðanir í einstaklingsmálum á grundvelli laga, reglugerða og skýrra verklagsreglna, heldur en að slíkar ákvarðanir séu teknar af stjórn sem ekki er endilega skipuð með hliðsjón af sérfræðipækkingu í málaflokknum.
 - Skilvirkara hefur verið talið að stjórnun flestra opinberra stofnana sé í höndum forstjóra/framkvæmdastjóra en ekki fjölskipaðs stjórnvalds. Sérstaklega hefur það verið talið óskilvirkt þegar stjórn stofnunar hefur ekki verið markað skýrt hlutverk í lögum.
- Ekki er fyrir hendi kærueimild vegna ákvarðana stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga.
 - Þróunin í íslenski stjórnarsýslu undanfarið hefur verið að tryggja að einstaklingar eigi rétt á að bera ákvarðanir stjórnvalda undir annan aðila á stjórnarsýslustigi, t.d. sjálfstæðar úrskurðarnefndir. Er slíkt talið stuðla að auknu réttaröryggi einstaklinga.
 - Er ekki síst mikilvægt að fyrir hendi sé kærueimild í þessum málaflokki þar sem sama stofnunin annast alla þætti innheimtu og ívilnana, þ.e. gagnvart einstaklingi, vinnuveitanda hans og síðan vanskilainnheimtu.

Athugasemdir Innheimtustofnunar:

„Ávallt er hægt að skjóta málum til almennra dómstóla.“

Hægt er „að kæra vegna ákvörðunar um meðlagsskyldu og útgreiðslu meðlaga frá TR.“


Starfsmenn stofnunarinnar eru tiltölulega fáir en þó rekur stofnunin tvær starfsstöðvar, þ.e. í Reykjavík og á Ísafirði.

Skipurit

- Fjöldi stöðugilda hjá stofnuninni er 20, þar af 6 á starfsstöðinni á Ísafirði.
- Á árinu 2014 voru 18 starfsmenn í fullu starfi allt árið auk þess sem 6 starfsmenn voru í hlutastörfum á ársgrundvelli, þar af voru fjórir þeirra fastir afleysinga starfsmenn yfir sumarmánuðina.
- Þrír starfsmenn hafa mannaforráð.
- Starfsmannavelta hefur verið tiltölulega lítil og því mikil reynsla hjá starfsfólki í þjónustu við meðlagsgreiðendur.
- Fram kom í viðtölum KPMG í tengslum við verkefnið að almenn ánægja er með hvernig til hefur tekist með starfsstöð stofnunarinnar á Ísafirði, bæði út frá faglegum sjónarmiðum og byggðasjónarmiðum.



Skipurit
gildir frá 1. febrúar 2015.



Heimild: Innheimtustofnun sveitarfélaga

Vergur rekstrarkostnaður IS hefur verið 7-9% af innheimtum hvers árs.

90% tekna IS eru innheimtir dráttarvextir, en aðrar tekjur eru innheimtupóknar og endurheimtur kostnaður.

Öfugsnið er að tekjugrunnur skuli vera að svo stórum hluta dráttarvextir þegar meginmarkmið hlýtur að eiga að vera að greiðendur meðlaga séu í skilum og greiði sem minnsta dráttarvexti.

Meðlagskröfur til innheimtu sem sitja á efnahagsreikningi IS nema ríflega 4 ára meðlögum.

Rekstrartekjur byggja á innheimtu dráttarvaxta

- Rekstrartekjur samkvæmt ársreikningi 2014 námu 462 m.kr.
- Um 90% tekna eru innheimtir dráttarvextir, en annað er innheimtupóknar og endurheimtur kostnaður.
- Innheimtustofnun byggir því tekjur sínar fyrst og fremst á því að innheimta dráttarvexti. Ef markmið stofnunarinnar er að ná hámarksárangri í innheimtum felur það í sér að greiðendur greiði sem fyrst og greiði þar með sem lægsta dráttarvexti. Því má segja að tekjugrunnur Innheimtustofnunar sé að þessu leyti öfugsnúinn.

Rekstrargjöld

- Vergur kostnaður stofnunarinnar (kostnaður að frádregnum lífeyrisskuldbindingum og útlögðum kostnaði) var 237 m.kr. árið 2014, sem er 7% af þeim 3.386 m.kr. sem innheimtust það ár.
- Tveir þriðju rekstrargjalda eru launakostnaður og einn þriðji annar rekstrarkostnaður, einkum rekstur húsnæðis og tölvukerfa.

Eignir í efnahagsreikningi

- Ógreiddar meðlagskröfur í innheimtu eru færðar til eignar í efnahagsreikningi Innheimtustofnunar.
- Staða krafna í lok árs 2014 voru tæplega 16 milljarðar króna, en á því ári voru stofnaðar nýjar kröfur til innheimtu að fjárhæð um 3,6 milljarðar króna. Miðað við þetta sitja á efnahagsreikningi Innheimtustofnunar ógreidd eldri meðlög sem nema meira en fjögurra ára meðlögum. Líklegt er að hluti þeirra krafna sé tapaður en stofnunin hefur ekki einhliða heimild til að afskrifa kröfur.
- Þessar ógreiddu kröfur hafa verið fjármagnaðar með framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Í efnahagsreikningi er fært, meðal eigin fjár, uppsafnað framlag frá Jöfnunarsjóði að fjárhæð 14,1 milljarðar króna.
- Á meðal eigna er eignfærður hugbúnaður sem var 26 m.kr. í árslok 2014.

Helstu tölur úr rekstrarreikningi 2009-2013

m. kr.	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Rekstrartekjur						
Tekjur alls	262	302	379	374	430	462
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	186	157	184	163	201	187
Annar rekstrarkostnaður	77	70	98	100	93	96
Rekstrargjöld alls	263	228	282	263	294	283
Fjármunatekjur	11	5	5	6	7	6
Rekstrarniðurstaða ársins	10	79	102	117	143	186

Helstu tölur úr efnahagsreikningi 2009-2013

m. kr.	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Eignir						
Meðlagskröfur til innhemtu	13.043	13.966	14.697	15.621	15.348	15.947
Aðrar eignir	78	188	199	202	252	223
Eignir alls	13.121	14.153	14.897	15.823	15.601	16.170
Eigið fé						
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	10.642	11.500	12.216	13.013	13.696	14.096
Annað eigið fé	2.267	2.347	2.449	2.566	1.592	1.778
Eigið fé alls	12.910	13.847	14.665	15.578	15.287	15.874
Skuldir						
Lífeyrisskuldbinding	149	155	172	177	213	220
Aðrar skuldir	62	152	60	68	101	76
Skuldir og eigið fé alls	13.121	14.153	14.897	15.823	15.601	16.170

Nokkrar kennitölur

m. kr.	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Nýjar meðlagskröfur (útgreitt af TR)	3.416	3.314	3.398	3.541	3.601	3.607
Innheimta samtals	2.697	2.668	2.994	3.107	3.254	3.386
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af innheimtu	10%	9%	9%	8%	9%	8%
Vergur kostnaður í hlutfalli af innheimtu	9%	8%	8%	7%	7%	7%
Innheimtir dráttarvextir í hlutfalli af tekjum	90%	91%	90%	90%	91%	90%
Útistandandi kröfur í hlutfalli af nýjum	382%	421%	432%	441%	426%	442%

Athugasemdir Innheimtustofnunar:

„Samkvæmt frumvarpi til laga við ákvörðun þess að reikna dráttarvexti á meðlög, var það ekki hugsað sem tekjuliður stofnunarinnar, heldur var meginmarkmiðið að hvetja til greiðslna á gjalddaga þannig að greiðslur sætu ekki á hakanum. Auk þess var talin þörf á að samræma þetta meðferð annarra krafna í samfélaginu.“

„Sagt er að tekjugrunnur stofnunarinnar sé öfugsnúinn þar sem stofnunin sé rekin á dráttarvöxtum og því sé ekki hvatning til innheimtu. Þetta er ekki hvati fyrir stofnunina því hún fær rekstrarkostnað sinn hvort eð er frá Jöfnunarsjóði sbr. 4. gr. laga nr. 54/1971. Dráttarvextir voru og eru ekki hugsaðir sem tekjulind fyrir stofnunina, heldur sem hvati fyrir meðlagsgreiðendur að standa í skilum og refsa þeim sem það ekki gera. Að öðrum kosti væru kröfur þessar enn aftar í greiðsluröð greiðenda.“

„Ef „horft er til þess að um hækkun á lífeyrisskuldbindingu í rekstrarreikningi 2013 er að ræða sést að kostnaður er að lækka og föst stöðugildi voru rúmlega 20 áður.“

„Lífeyrisskuldbindingar útreiknaðar frá Talnakönnun eru fyrir árið 2014 kr. 343.565.526 og árið 2015 kr. 364.836.640.“

Rekstrarkostnaður IS er hærri en TR og sýslumannsins í Reykjavík

Samanburður rekstrarkostnaður

Samanburður á rekstrarkostnaði eins og hann er birtur í töflunni hér til hliðar sýnir tölur eins og þær eru settar fram í ársreikningum viðkomandi stofnana. Ekki er lagt mat á samanburðarhæfni upplýsinganna.

Hvorki rekstrar- né launakostnaður einn og sér er mælikvarði á gæði í rekstri en forvitnilegt er að bera hann saman við kostnað annarra stofnana.

- Í töflunni hér til hliðar er rekstrarkostnaður Innheimtustofnunar sveitarfélaga borinn saman við rekstur TR og sýslumannsins í Reykjavík.
 - Rekstrarkostnaður Innheimtustofnunar fyrir hvert stöðugildi var hærri en rekstrarkostnaður hinna stofnananna tveggja.
 - Neðri taflan sýnir samanburð á launakostnaði stofnananna þriggja. Þar sést að meðallaunakostnaður hjá Innheimtustofnun er jafnframt hærri en hjá hinum stofnununum.

Samanburður rekstrarkostnaðar árið 2013			
m.kr.	Rekstrar- kostnaður	Fjöldi stöðugilda	Rekstarkostn. á stöðugildi
Innheimtustofnun sveitarfélaga (samts)	294	20	14,7
Innheimtustofnun sveitarfélaga (vergur kostnaður*)	232	20	11,6
Tryggingastofnun ríkisins	1.073	101	10,6
Sýslumaðurinn í Reykjavík	367	43	8,5

Samanburður launakostnaðar árið 2013			
m.kr.	Launa- kostnaður	Fjöldi stöðugilda	Launakostnaður á stöðugildi
Innheimtustofnun sveitarfélaga **	157	20	7,9
Tryggingastofnun ríkisins	704	101	7,0
Sýslumaðurinn í Reykjavík	289	43	6,7

Heimild: Ársreikningar Innheimtustofnunar, Tryggingastofnunar ríkisins og sýslumannsins í Reykjavík

* Í vergum kostnaði eru dregin frá gjöld vegna lífeyrisskuldbindinga og útlagðs innheimtukostnaðar

** Launakostnaður er án lífeyrisskuldbindinga

Athugasemdir Innheimtustofnunar:

“Það væri nær lagi að bera saman stofnunina og rekstrarkostnað við aðrar svipaðar einingar, í stærð eða umfangi, á vegum ríkis eða sveitarfélaga. Á sama hátt og borið er saman við TR má bera saman við FME til dæmis og fá út mun hagstæðari samanburð.”

Varðandi þennan samanburð taka stjórnendur Innheimtustofnunar fram að grundvallarmismunur sé á starfsemi Innheimtustofnunar, sýslumanna og TR og að starfsemin sé of ólík til að samanburðurinn sé raunhæfur.

Að mati stjórnenda innheimtustofnunar er „umræddur munur [...] innan skekkjumarka í öllum tilvikum.“


Bent er á þá kvöð að „upplýsa alla meðlagsgreiðendur um stöðu nokkrum sinnum á ári en þar er um nokkrar milljónir að ræða í póstkostnað.“ Þessi túlkun Innheimtustofnunar byggir á álitum Umboðsmanns Alþingis í máli 7461/2013. Innheimtustofnun telur að ríkari skyldur hvíli á þeim í þessum efnum þar sem um innheimtu er að ræða.

Á verðlagi desember 2014 eru meðalútgjöld Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til greiðslu meðlaga og rekstrarkostnaðar IS 1.051 m.kr. á ári, á árunum 1990–2014.

Greiðslan var 729 m.kr. árið 2014.

Útgjöld Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Innheimtustofnunar árin 1990–2013

- Á verðlagi hvers árs var framlag Jöfnunarsjóðs til greiðslu meðlaga og rekstrarkostnaðar Innheimtustofnunar lægst 156 m.kr. árið 1991 og hæst 1.102 m.kr. árið 2009.
- Á verðlagi desember 2014 (m.v. vísitölu neysluverðs) hafa greiðslur Jöfnunarsjóðs til Innheimtustofnunar verið á bilinu 423–1.384 m.kr. Að meðaltali hafa greiðslurnar verið 1.051 m.kr. á ári.
 - Á árunum 2012–2014 er framlag Jöfnunarsjóðs til Innheimtustofnunar að meðaltali 842 m.kr. á verðlagi desember 2014.
- Hlutur Jöfnunarsjóðs í greiðslu meðlaga og rekstrarkostnaði Innheimtustofnunar árið 2013 var 835 m.kr. á verðlagi desember 2014.
- Greiðsla Jöfnunarsjóðs var 729 m.kr. árið 2014



Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Ekki liggja fyrir samandregnar opinberar upplýsingar um fjölda meðlagsgreiðenda. Því er ekki unnt að meta hve stór hluti meðlaga fer í innheimtuferil hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga.


Auk innheimtu á Íslandi sér stofnunin um innheimtu meðlaga hjá meðlagsskyldum einstaklingum sem búsettir eru erlendis.

Umfang

- Engar samandregnar opinberar upplýsingar eru til um heildarfjölda greiðenda og þiggjenda meðlags á Íslandi. Þannig liggur ekki fyrir hversu hátt hlutfall meðlaga er greitt fyrir milligöngu ríkisins.
- Tryggingastofnun ríkisins greiðir meðlag til um 15.000 einstaklinga á ári.
- Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir meðlag hjá um 11.000 einstaklingum á ári og því til viðbótar eru tæplega 1.500 einstaklingar og 400 fyrirtæki sem skulda eldri meðlög.

Þegar litið er til meginþátta verkefna stofnunarinnar má skipta þeim í fjóra flokka:

1. Innheimta meðlaga á Íslandi gagnvart meðlagsgreiðendum eða vinnuveitendum þeirra. Kröfum um greiðslu meðlaga sem fara í vanskil er beint í skilgreindan vanskilainnheimtufarveg hjá stofnuninni.
2. Innheimta meðlaga á Norðurlöndum, þ.e. gagnvart einstaklingum sem meðlagsskyldir eru á Íslandi. Samstarf er við systurstofnanir á Norðurlöndunum.
3. Innheimta meðlaga gagnvart einstaklingum sem meðlagsskyldir eru á Íslandi en búa erlendis, annars staðar en á Norðurlöndum. Innheimtustofnun sér sjálf um þá innheimtu en nýtir jafnframt að einhverju leyti þjónustu sjálfstæðs innheimtuaðila, TCM – Total Collection Management.
4. Innheimta meðlaga á Íslandi fyrir erlendar systurstofnanir gegn 10% þóknun.



Heimild: Úrvinnsla KPMG á gögnum Innheimtustofnunar

Athugasemdir Innheimtustofnunar:

„Opinberar upplýsingar um fjölda meðlagsskyldra einstaklinga ættu að liggja fyrir hjá Sýslumannsembættum og dómstólum“.

Sérstaða verkefna stofnunarinnar felst einna helst í tengingu innheimtunnar við félagslegar aðstæður meðlagsgreiðenda og þeim heimildum um ívilnun sem stjórn stofnunarinnar hefur.

Einnig er það sérstakt að stofnunin hefur heimild til að gera launagreiðendur ábyrga fyrir skilum á meðlagsgreiðslum.

Eðli innheimtunnar og verklag stofnunarinnar

- Innheimta meðlaga er í grunninn sambærileg annarri innheimtu.
 - Stofnað er til krafna, þær innheimtar og fylgt eftir eins og kostur er.
- Þó er það svo að þau úrræði sem stofnunin hefur yfir að ráða eru að hluta til önnur en almennt tíðkast. Sérstaðan liggur einkum í eftirtöldu:
 - Stofnunin getur, líkt og ýmsir opinberir aðilar, gert kröfu í laun skuldara og gert launagreiðanda ábyrgan fyrir skilum á meðlagi.
 - Reglur og verklag gera ráð fyrir að tekið sé mið af félagslegum aðstæðum skuldara við innheimtuna.
 - Ívilunarheimildir sem stjórn stofnunarinnar hefur eru að mörgu leyti einstakar í lögum, t.d. að hægt sé að semja um að fella niður hluta af höfuðstól skuldar að tilteknum skilyrðum uppfylltum.
- Kröfusamband við skuldara meðlaga getur verið nokkuð langt og náð yfir allt að 20 ára greiðslutímabil með hverju barni. Stofnunin leggur mikið upp úr að ná jákvæðu sambandi við meðlagsgreiðendur strax í upphafi og að missa ekki sjónar á þeim, t.d. varðandi vinnustað og/eða dvalarland.
 - Rétt er að taka fram í þessu samhengi að aðrir innheimtuaðilar eiga einnig í áralöngu sambandi við sína viðskiptavini, t.d. vegna húsnæðislána, þó eðli skuldar sé ekki það sama og vegna meðlags.
- Fyrir hluta skuldara Innheimtustofnunar er erfiðleikum bundið að framfylgja innheimtunni og hefur það áhrif á mögulegan innheimtuárangur. Í mars 2015 voru 12.570 meðlagsgreiðendur skráðir í grunn stofnunarinnar. Þar af eru:
 - 145 einstaklingar sem skulda meðlög en eru óstaðsettir í hús – 1,2% af heildarfjölda meðlagsgreiðenda
 - 68 einstaklingar eru í íslenskum fangelsum – 0,5% af heildarfjölda meðlagsgreiðenda
 - 385 einstaklingar eru erlendis óstaðsettir í hús (finnast ekki þrátt fyrir leit) – 3% af heildarfjölda meðlagsgreiðenda
 - Samtals er þessi hópur 4,7% af heildarfjölda meðlagsgreiðenda
- Stofnunin sér um öll stig innheimtu hér á landi fram að því að mál eru send sýslumönnum sem framkvæma fullnustugerðir.
- Á síðu 23 er mynd af innheimtuferlinu.

Athugasemdir Innheimtustofnunar:


Innheimta meðlags er ekki sambærileg annarri innheimtu. „Um er að ræða félagslega vanskilainnheimtu sem einkaaðilar munu eiga erfitt með að sinna, auk þess sem mikillar sérþekkingar er þörf á öllum þáttum innheimtunnar er tekur langan tíma að tileinka sér.“

Þegar „um annars konar kröfur er að ræða getur aðili rofið kröfusambandið eða hætt viðskiptum. Meðlagskröfur stöðvast ekki að öllu jöfnu nema við andlát meðlagsgreiðenda eða barns.“

Myndin sýnir meginferli við upphaf útgreiðslna og innheimtu meðlags.

Tækifæri til bættrar innheimtu liggja meðal annars í að einfalda vinnubrögð og koma í veg fyrir að greiðendur séu þegar komnir í vanskil þegar innheimtan hefst.

- Mögulega má bæta meðlagsinnheimtu með því að einfalda verklag og færa saman útgreiðslu og innheimtu meðlags.
- Bæta mætti árangur með því að laga vinnubrögð sýslumanna og TR varðandi hraða við að koma kröfum til innheimtu. Að jafnaði eru kröfur sem koma frá TR komnar til innheimtu innan sama dags og þeir berast frá TR.



Heimild: Unnið upp úr viðtölum við starfsmenn Innheimtustofnunar, Tryggingastofnunar og sýslumanna

Stofnunin styðst við sérsníðað tölvukerfi sem einn einstaklingur þjónustar í verktöku.

Töluverðir fjármunir hafa á undanförunum árum verið lagðir í að forrita og viðhalda þessu sérsníðaða kerfi.

Tölvukerfi

- Tölvukerfi stofnunarinnar er sérsníðið að þörfum hennar og í því eru vistaðar sögulegar upplýsingar um samskipti við meðlagsgreiðendur sem geta skipt máli við að tryggja skilvirka innheimtu.
- Að mati starfsmanna Innheimtustofnunar er ekkert annað tölvukerfi sem heldur utan um skuldara með sama hætti og gert er í núverandi kerfi.
- Kerfið er sérstaklega forritað fyrir stofnunina og fellur allur kostnaður við þróun og uppfærslur þess á hana.

Rekstrarkostnaður og þjónustuaðilar

- Á undanförunum árum hefur stofnunin varið tugum milljóna króna í að þróa og forrita innheimtukerfið.
 - Á árinu 2012 var hugbúnaður eignfærður fyrir tæplega 45 m.kr. á verðlagi þess árs og eru árlegar afskriftir hugbúnaðar um 6,3 m.kr. á ári á árunum 2012 - 2014.
 - Kostnaður við rekstur og viðhald tölvubúnaðar samkvæmt ársreikningi Innheimtustofnunar var, 14,9 m. kr. árið 2014, 21,7 m.kr. árið 2013 og 32,6 m.kr. árið 2012. Því til viðbótar er kostnaður sem merktur er Skýrr m.a. fyrir afritunartöku, aðgang að Þjóðskrá og interneti, 3,2 m.kr. árið 2014, 4,3 m.kr. árið 2013 og 3,9 m. árið 2012.
- Fyrirtækið Tölvubankinn sá áður um að þjónusta tölvukerfið en í dag sér fyrrverandi starfsmaður Tölvubankans um þjónustuna í verktöku.
- Tæknileg þekking á innheimtukerfinu liggur hjá þessum fyrrverandi starfsmanni Tölvubankans og takmörkuð þekking er til staðar hjá Innheimtustofnun. Að þessu leyti er stofnunin háð einum einstaklingi við áframhaldandi þróun og rekstur á kerfinu.
- Eitt stöðugildi tæknistjóra er í skipuriti Innheimtustofnunar. Hann hefur m.a. umsjón með tölvu- og tæknimálum ásamt rekstri tölvukerfa og annars tækjabúnaðar stofnunarinnar. Auk þess sér hann um skráningar og samskipti við ýmsa samstarfs- og þjónustuaðila.

Athugasemdir Innheimtustofnunar:

Tölvukerfið „er ekki brothætt í rekstri þar sem fleiri en sá sem þjónustar kerfið geta tekið yfir þjónustuna. Kerfið er hýst hjá stofnuninni, afrit af kerfinu er til (gömul sem ný) auk þess sem fleiri hafa aðkomu að þróun þess en umræddur einn aðili. Það getur ekki talist óeðlilegt að einn aðili sé hins vegar umsjónarmaður verksins. Kerfið er skrifað á SQL forritunarmál og geta þeir sem hafa þekkingu á því forritunarmáli tekið frekari þróun kerfisins að sér. “Kerfi frá öðrum aðlagað að starfseminni myndi mögulega skaða innheimtuna, auk þess sem kostnaður vegna þessa myndi væntanlega á endanum hlaupa á tugum ef ekki hundruðum milljóna.” Ekkert „annað kerfi heldur utanum skuldara með sama hætti og núverandi kerfi gerir.“

Upplýsingar skortir um kostnað við framkvæmd verkefna stofnunarinnar eftir ólíkum innheimtuúrræðum.

Vegna rekstraröryggis er brýnt að skipta um innheimtakerfi.

Sérsmíðað tölvakerfi sem einn einstaklingur þjónustar er óásættanlega brothætt í rekstri.

Veikleikar við ferlið

- Þar sem útgreiðsla meðlags og innheimta er ekki á hendi sama aðila líður tími milli þess sem krafa stofnast við útgreiðslu meðlags hjá Tryggingastofnun þar til Innheimtustofnun sveitarfélaga fær vitneskju um hana.
- Áfallin er að jafnaði a.m.k. tveggja mánaða skuld þegar upplýsingar um nýjan meðlagsgreiðanda berast til stofnunarinnar. Þar sem Tryggingastofnun greiðir út meðlög allt að 12 mánuði aftur í tímann getur uppsöfnuð skuld verið veruleg við upphaf innheimtu.
- Ekki er nægjanlega skýrt í gögnum frá stofnuninni hver kostnaðurinn er við starfsemina eftir innheimtuúrræðum. Þannig liggur ekki fyrir hversu mikill hluti kostnaðar er vegna almennrar innheimtu og vanskilainnheimtu. Kostnaðarsamt væri að greina þessar upplýsingar.
- Hvati til aukinnar innheimtu liggur ekki skýr fyrir. Innheimtustofnun sveitarfélaga er tryggð fyrir sínum rekstrarkostnaði þannig að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ber að greiða stofnuninni það sem á vantar til að hún geti staðið skil gagnvart Tryggingastofnun ríkisins og til að greiða sinn eigin rekstrarkostnað.
- Helsti tekjuliður Innheimtustofnunar eru innheimtir vanskilavextir. Eftir því sem innheimtuárangur er betri þeim mun minni dráttarvextir ættu að innheimtast og markmiðið ætti að vera að lágmarka vanskil og þar með greiðslu dráttarvaxta. Því má segja að tekjugrunnur Innheimtustofnunar sé að þessu leyti öfugsnúinn.

Veikleikar í rekstri upplýsingakerfa

- Við endurskoðun stofnunarinnar hafa ítrekað verið gerðar athugasemdir við tölvakerfið.
- Þegar horft er til sjónarmiða um rekstraröryggi og lágmarkun uppfærslukostnaðar hníga öll rök til þess að skipta þurfi um innheimtakerfi.
 - Mikilvægt er að nýta hugbúnað sem ekki er eins brothættur í rekstri og núverandi kerfi.
- Það virðist vera fátt eða nokkuð sem er í grunninn svo sérstakt við innheimtu meðlags að ekki sé hægt að halda utan um það í einu af þeim innheimtakerfum sem notuð eru við aðra innheimtu, án verulegrar aðlögunar fyrir sérþarfir meðlagsinnheimtu.
- Verulegum fjármunum hefur þegar verið varið til að þróa og viðhalda núverandi tölvakerfi og verður að líta á þann kostnað sem sokkinn. Rétt er að innleiða tölvakerfi sem betur þjónar nútímakröfum um innheimtu.
- Hafa verður þó í huga að mikilvægt er að týna ekki þeim sögulegu gögnum sem skráð eru í núverandi tölvakerfi og eru nokkrar leiðir færar til að leysa það með skilvirkum hætti.
 - Sú sem trúlega kallar á minnstan útlagðan kostnað er að nýta áfram eldra kerfi í þeim tilgangi að geta flett upp sögulegum gögnum og lágmarka um leið, eftir því sem kostur er, magn þeirra upplýsinga sem flutt yrði yfir í nýtt tölvakerfi.

Athugasemdir Innheimtustofnunar:

„Innheimtakerfið er ekki brothætt í rekstri“. Kostnaður við að skipta um kerfi „myndi hlaupa á hundruðum milljóna í lægri innheimtu og útgjöldum.“

„Hvatinn til að innheimta er sá sami og hjá öllum starfsmönnum að framkvæma sína vinnu. Hvati starfsmanna TR eða Sýslumanna til að framkvæma aðgerðir er hvorki meiri né minni en starfsmanna IS.“

Innheimtustofnun telur KPMG „ekki hafa kynnt sér til hlítar innheimtakerfi stofnunarinnar.“ „Kerfið er nokkurn veginn nýtt og byggir á áratugalangri reynslu og þörf starfsmanna stofnunarinnar og viðskiptavina hennar.“

„Hér er ekki eingöngu um tæki til að uppreikna skuldastöðu að ræða heldur jafnframt skráning samskipta við meðlagsgreiðendur og skuldara, sögulegt yfirlit, kerfi sem sendir kröfur á vinnuveitendur, samkeyrir skrár við aðra opinbera aðila, sækir gögn í Þjóðskrá, getur sent löginnheimtubríf, tilkynningar um breytingar og svo framvegis. Telji skýrsluhöfundar betra að fara í innheimtu hjá rúmlega 12.500 einstaklingum með almennt kerfi þá vanmeta þeir verulega þann tíma sem mun fara í bréfasendingar og að útbúa beiðnir. [...] bent [er] meðal annars á að stofnuninni ber að senda aukalega um 5.000 bréf mánaðarlega til meðlagsgreiðenda í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis.“



cutting through complexity

Innheimtuárangur

Erfitt er að bera árangur í innheimtu meðlags saman við aðra innheimtu þar sem Innheimtustofnun fylgist ekki með sömu mælikvörðum og gert er í hefðbundinni innheimtu.

Innheimtuhlutföll

- Bættur innheimtuárangur skilar sér í lægri kostnaði, bættu fjárstreymi, aukinni skilvirkni í ferlum og minna álagi á innheimtu og þjónustustarfsfólk.
- Þeir mælikvarðar sem lögð er áhersla á í innheimtu felast almennt í að bæta svokallaðan „greiðsluhraða“. Þá er lagt mat á hversu fljótt stofnaðar kröfur eru greiddir og hlutfall krafna sem greiddar eru 10, 20, 30 og upp í 90 dögum frá eindaga. Almennt er gerður skýr greinarmunur á innheimtuárangri nýstofnaðra krafna og árangri í innheimtu eldri skulda.

Innheimta Innheimtustofnunar sveitarfélaga

- Innheimtustofnun sveitarfélaga heldur ekki utan um tölfræði sem tengist t.d. fjölda daga frá því ný krafa er stofnuð þar til hún er greidd.
- Ekki eru fyrirbyggjandi upplýsingar um hversu stór hluti þess sem innheimtist er greiðsla á nýjum kröfum og hversu stór hluti er innheimta á eldri skuldum.
- Með forritun núverandi tölvukerfis ætti að vera hægt að sækja framangreindar upplýsingar, en ekki var talin ástæða til að leggja í þann forritunarkostnað á þessu stigi.
- Hjá Innheimtustofnun er fjöldi skuldara breytilegur á milli mánaða en gera má ráð fyrir að skuldarar séu tæplega 12.570 einstaklingar og eru um 1.500 þeirra „óvirkir“ meðlagsgreiðendur, þ.e. ekki er stofnað til nýrra krafna á þá.
- Samkvæmt lögum nr. 54/1971 reiknast ekki dráttarvextir fyrr en að liðnum mánuði frá gjalddaga. Fyrir um helming skuldara er stofnað til dráttarvaxtakrafna. Af þessu má draga þá ályktun helmingur greiðenda sé í að minnsta kosti 30 daga vanskilum, sem er mjög hátt vanskilahlutfall.
- Í október 2014 voru 4.355 meðlagsgreiðendur merktir atvinnurekanda, sem þýðir að meðlag er innheimt hjá atvinnurekanda en ekki einstaklingnum sjálfum. Hjá Innheimtustofnun liggur ekki fyrir greining á því hvaða hluti þessa hóps er í skilum með greiðslur.
- Samkvæmt upplýsingum frá Innheimtustofnun er um 16% innheimtukrafna stofnaðar í heimabanka, þ.m.t. kröfur á fyrirtæki/vinnuveitendur.
 - Afstaða Innheimtustofnunar var að ástæðulaust væri að leggja út í kostnað við að stofna kröfur í heimabanka sem litlar eða engar líkur eru á að fáist greiddar. Viðhorf annarra innheimtuaðila á markaði er að almennt skili kröfur í heimabanka besta og hraðasta greiðsluhlutfalli.
 - Nú er hafin tilraun með að stofna fleiri kröfur stofnunarinnar í heimabanka.
- Tæplega 3% krafna eru stofnaðar í gegnum kreditkortafærslur.
- Árlega eru um 900 mál hjá Innheimtustofnun sem fara alla leið í löginheimtu.

Um 39% meðskulda eru í skilum á árinu 2014.

Árið 2014 er innheimtustuðull IS 78%.

Í innheimtustuðli IS er nefnarinn 3.607 m.kr., þó stofn til innheimtu sé 18.991 m.kr. sem sýnir samanburð við aðra innheimtuaðila.

Hlutfall meðlagsskulda í skilum

- Í skýringu 13 í ársreikningi fyrir 2014 kemur fram að heildarfjárhæð innheimtukrafna í árslok sé 21.138 m.kr. og að þar af séu kröfur eldri en 12 mánaða 18.914 m.kr.
- Úr því má lesa að í um 38% tilvika eru meðlagsskuldur í skilum á árinu 2014 en hafa ber í huga að Innheimtustofnun færir hverja greiðslu á móti elstu skuld hvers skuldara.

Mælikvarði Innheimtustofnunar

- Öll óinnheimt meðlög sem ekki hafa verið afskrifuð mynda þann stofn sem innheimt er úr.
 - Eignfærð meðlög í lok árs 2013 voru 15.348 m.kr.
 - Útgreidd meðlög TR fyrir 2014 voru 3.607 m.kr.
 - Samtals stofn til innheimtu: 18.991 m.kr. á árinu 2014.
- Sá mælikvarði sem innheimtustofnun hefur notað til að meta innheimtuárangur er hlutfall greiddra krafna einstaklinga að frádregnum rekstarkostnaði deilt með kröfum ársins að viðbættum breytingum á eldri kröfum.
 - Kröfur ársins 2014 að teknu tilliti til breytinga á eldri kröfum voru 3.607 m.kr.
 - Innheimtar kröfur ársins voru 3.102 m.kr. og rekstarkostnaðurinn 283 m.kr.
 - Innheimtuhlutfallið fyrir 2014 eins og Innheimtustofnun skilgreinir það er: $(3.102 - 283)/3.607$ sem jafngildir 78% innheimtuhlutfalli.
- Með mælikvarðanum er lagt mat á allar innheimtar kröfur að frádregnum innheimtukostnaði sem hlutfall af álögðu og leiðréttu útgreiddu meðlagi ársins.

Samanburðarhæfur innheimtu-
stuðull innheimtu meðlags við
hefðbundna innheimtu er 76% fyrir
árið 2014.

Munur á innheimtustuðlinum er að
IS innheimtir bæði úr nýjum og eldri
kröfum en mælikvarðar
samanburðaraðila byggja einungis á
kröfum og innheimtu viðkomandi
árs.

Mælikvarðar hefðbundinnar innheimtu

Innheimtumælingin er lesin beint úr álögðum greiðsluseðlum banka, þ.e. stofnaðar kröfur á tímabili og það hlutfall sem greitt í bankanum af upprunalegum höfuðstól.

- Það sem er mælt eru innheimtar tekjur, af kröfum hvers árs, á móti stofnuðum kröfum ársins. Hlutfallið þar á milli myndar mælikvarðann.
- Einungis álögð gjöld hvers árs mynda stofn sem notaður er við að mæla innheimtuárangur. Eldri skuldir koma ekki fram í mælikvarðanum.
- Í mælikvarðanum eru ekki taldir með innheimtir dráttarvextir eða annar innheimtukostnaður.

Þetta er mælikvarði sem m.a. Félagsbústaðir og Motus nota.

Samanburður mælikvarða

Til þess að stilla upp innheimtuhlutfalli Innheimtustofnunar þannig að það sé nær því að vera sambærilegt við hefðbundna mælikvarða samkvæmt framangreindu þarf að gera eftirfarandi leiðréttingar:

- Heildarinnheimta á einstaklinga, fyrirtæki og erlendis að meðtöldum innheimtum dráttarvöxtum og innheimtukostnaði var fyrir árið 2014 að upphæð 3.119 m.kr. Frá þeirri upphæð þarf að draga frá innheimtu dráttarvaxta og þóknana sem eru samkvæmt ársreikningi 462 m.kr. eða samtals 2.743 m.kr. sem innheimtust af útgreiddum meðlögum.
- Þessi fjárhæð í hlutfalli við útgreidd meðlög árið 2014 að fjárhæð 3.607 m.kr. sýnir 76% innheimtuhlutfall.

Tekið skal fram að í heildarinnheimtu Innheimtustofnunar er líka verið að innheimta úr kröfum fyrri ára og því verið að innheimta úr mun hærri kröfupotti, en í mælikvöðum samanburðaraðila þar sem einungis er byggt á kröfum viðkomandi árs.

2014	Innheimtuhl. í ársskýrslum IS	Útreikningar í athugasemdum IS	Innheimtuhl. sam- anburðarh. við aðra
Útgreidd meðlög	3.607	3.607	3.607
Innheimt á einstaklinga	3.102		
Innheimt á einstakl., fyrirt. og erlendis		3.205	3.205
Innheimtir dráttarvextir og þóknanir			-462
Kostnaður við innheimtu	-283		
Innheimt fjárhæð í útreikn.	2.819	3.205	2.743
Hlutfall	78%	89%	76%

2013	Innheimtuhl. í ársskýrslum IS	Útreikningar í athugasemdum IS	Innheimtuhl. sam- anburðarh. við aðra
Útgreidd meðlög	3.601	3.601	3.601
Innheimt á einstaklinga	3.027		
Innheimt á einstakl., fyrirt. og erlendis		3.119	3.119
Innheimtir dráttarvextir og þóknanir			-430
Kostnaður við innheimtu	-294		
Innheimt fjárhæð í útreikn.	2.733	3.119	2.689
Hlutfall	76%	87%	75%

Sá mælikvarði sem er
best samanburðarhæfur
við aðra aðila.


Sá mælikvarði sem IS notar til að meta innheimtuárangur er innheimt fjárhæð á hverju ári í hlutfalli við útgreitt meðlag hjá Tryggingastofnun.

IS mælir ekki hversu stór hluti innheimtra meðlaga er vegna krafna sem stofnast til á viðkomandi ári og hversu mikið er vegna eldri krafna, þ.m.t. dráttarvextir og þóknarir.

IS mælir ekki innheimtuhraða, hlutfall eða fjárhæð í vanskilum og tímalengd vanskila.

Mat Innheimtustofnunar á innheimtuárangri

- Sá mælikvarði sem Innheimtustofnun sveitarfélaga notar til að sýna innheimtuárangur er innheimta nýrra og eldri krafna á móti meðlagskröfum hvers árs.
 - Samkvæmt þessum mælikvarða hefur innheimtuhlutfall stofnunarinnar verið yfir 70% frá árinu 2003 og fór hæst í 83,6% árið 2006.
- Samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum Innheimtustofnunar er innheimtuárangurinn hjá þeim meiri en í mörgum löndum í kringum okkur þó að líka megi sjá betri árangur systurstofnana, sérstaklega í löndum þar sem fleiri heimildir eru til eftirfylgni innheimtunnar, og nefna m.a. Noreg í því samhengi. Fyrir liggur að innheimtuárangur í Noregi er um 76% mældur með sama hætti og gert er hjá Innheimtustofnun.
- Hjá Innheimtustofnun liggur ekki fyrir hversu stór hluti innheimtunnar er vegna krafna sem stofnað er til á hverju ári og hversu stór hluti er eldri innheimtar kröfur og eru mörkin þar á milli ekki skýr hjá stofnuninni.
- Tölvukerfi Innheimtustofnunar býður í dag ekki upp á að greina hversu stór hluti skuldara greiðir eftir eindaga og þá hversu langt frá eindaga greitt er.
- Í mælikvarða Innheimtustofnunar um innheimtuárangur sést ekki hversu hversu stór hluti meðlagsgreiðslna hvers árs innheimtist.




Heimild: Framsetning KPMG á gögnum frá Innheimtustofnun

Nokkur fylgni í innheimtuárangri er við breytingar á vergri þjóðarframleiðslu.

Innheimtuárangur:


- Þegar litið er til innheimtuárangurs eins og Innheimtustofnun setur hann fram og hann borinn saman yfir 11 ára tímabil sést að það er greinileg fylgni milli innheimtuárangurs og breytinga á vergri þjóðarframleiðslu. Þannig má draga þá ályktun að breytingar á innheimtuárangri í núverandi kerfi ráðist ekki síður af almennu efnahagsástandi.



Tölfræðilegi fylgnistuðullinn R er 0,66 á árunum 2002–2013 (R=1 þýðir fullkomin fylgni og R=0 engin fylgni)


Á undanförunum árum hafa Félagsbústaðir náð auknum árangri í innheimtu með breyttum áherslum.

- Þegar horft er á innheimtuárangur er gagnlegt að skoða árangur annarra stofnana til samanburðar.
- KPMG hefur fengið heimild til að sýna innheimtuárangur Félagsbústaða undanfarin ár.
- Félagsbústaðir er að mörgu leyti góður aðili til samanburðar en þeirra umbjóðendur eru á margan hátt viðkvæmari hópur en greiðendur meðlaga þar sem þeir þarfnast allir félagslegra úrræða.
 - Innheimtuúrræði Félagsbústaða eru að hluta til önnur en Innheimtustofnunar, m.a. geta þeir vísað vanskilafólki úr leiguhúsnæði.
 - Á móti getur Innheimtustofnun gert kröfu í laun sem Félagsbústaðir geta ekki.
 - Eins og fram kemur á síðu 21 er erfiðleikum er bundið að ná til 4,7% meðlagsskuldara (aðilar sem eru óstaðsettir í hús ofl.), sem þýðir að hámarksárangur við innheimtu meðlags verður seint eins hár og hjá Félagsbústöðum frá árinu 2003.
- Frá 1999 hefur einkaaðili séð um alla innheimtu fyrir Félagsbústaði. Með breyttum áherslum í innheimtu náðist verulegur árangur í að bæta innheimtuhlutfallið og hefur innheimtuárangurinn verið yfir 97,5% síðastliðin 5 ár en var um 75% árið 1998.
 - 85% greiðanda Félagsbústaða greiða áður en til vanskila kemur.
 - Um 90% greiðanda Félagsbústaða greiða áður en til milliinnheimtu kemur.
 - Árið 2013 var 1,75% af heildarveltu Félagsbústaða tekin inn á borð Velferðarviðs en þær ráðstafanir eru utan mælinga á innheimtuárangri á myndinni hér til hliðar.
- Niðurstaðan er að Félagsbústaðir hafa náð athygliverðum árangri í innheimtu með breyttum áherslum.



Myndir sýnir innheimtuhlutfall nokkurra aðila á sambærilegum grunni.

- KPMG fékk upplýsingar um innheimtuhlutfall frá innheimtufyrirtækinu Motus fyrir nokkra aðila sem vert er að bera saman við Innheimtustofnun. Um er að ræða innheimtuhlutfall hjá leikskólum, Félagsbústöðum sveitarfélögum, orkuveitum og svo meðaltal 200 aðila í innheimtu hjá Motus.




Heimild: Motus og Innheimtustofnun

■ 2009 ■ 2010 ■ 2011 ■ 2012 ■ 2013 ■ 2014 — Innheimtuhlutfall IS árið 2014, sbr. bls. 31

Mynd þessi sýnir
innheimtuhraða frá eindaga til
greiðslna á kröfum úr sama
gagnagrunni frá Motus.

- Á þessu sést að í öllum tilvikum eru yfir 90% krafna greiddar innan 30 daga frá eindaga.
- Hvorki Innheimtustofnun né systurstofnanir hennar á Norðurlöndum hafa notað innheimtuhraða sem mælikvarða á innheimtuárangur.

Samanburður á greiðsluhraða 2014 (fjárhæðir)



Heimild: Motus

Athugasemdir Innheimtustofnunar við umfjöllun um innheimtuhlutföll:

Innheimtustofnun „fylgist ekki með sömu mælikvörðum og gert er í hefðbundinni innheimtu. Helgast það af því að hér er ekki um hefðbundna innheimtu að ræða“. „Stofnunin safnar að minnsta kosti sambærilegum ef ekki meiri gögnum og heldur utan um sambærilega eða meiri tölfræði en aðrir innheimtuaðilar meðlaga á Norðurlöndunum.“

„Ýmis konar tölfræði“ er „hægt að nálgast í gegnum þær upplýsingar sem þegar eru í innheimtukerfi stofnunarinnar. Slíkt kostar þó fjármuni að nálgast“.

„Greiðsluhraði verður óhjákvæmilega hægari þegar meirihluti krafna er uppsafnaðar kröfur frá TR til nokkurra mánaða sem koma til innheimtu í einu lagi. Slíkt lagast ekki með sameiningu, heldur bættum vinnubrögðum hjá TR. Þó er rétt að geta þess að nú er að fara í gang vinna við að stofna allar fyrstu kröfur á hendur meðlagsgreiðendum hjá IS í heimabanka og verður fróðlegt að sjá hvort það skili aukinni byrjunarinnheimtu.“

„Réttara hefði verið að bera innheimtuárangur saman við innheimtu meðlaga á Norðurlöndum [...] eða innheimtu meðlaga fyrir 1972“.

„Innheimtuhlutfall IS er mælt á sambærilegan hátt og hjá öðrum viðlíka stofnunum á Norðurlöndum að því að best er vitað.“

„Innheimtuskipting milli eldri og yngri krafna jafnast að nokkru leyti út milli allra árána sem starfsemin IS hefur verið til staðar, eða frá 1972.“

Athugasemdir Innheimtustofnunar við samanburð við þjóðartekjur:

„Eðlilega eru mikil tengsl milli stöðu efnahagslífsins og innheimtu. [...] slíkt á við í allri innheimtu að einhverju leyti.“

Athugasemdir Innheimtustofnunar við umfjöllun um innheimtuárangur Félagsbústaða:

Athugasemd er gerð um samanburð við innheimtu Félagsbústaða þar sem hann sé tilgreindur án kostnaðar. Jafnframt er gerð athugasemd við að innheimtuárangur „er borin saman við leikskólainnheimtu þar sem einstaklingar fá ekki lengur vistun fyrir börnin sín ef þeir greiða ekki, Félagsbústaði þar sem fólk er borið út úr heimil sínu greiði það ekki, almennt hjá sveitarfélögum þar sem um lögveðskröfur er að ræða o endurheimtur því tryggar og svo orkuveitur þar sem fólk missir rafmagn og hita greiði það ekki. Hér er einfaldlega verið að bera saman innheimtu á kröfum sem eru vegna grunnþarfa daglegs lífs og heimilis fólks á móti endurkröfum IS vegna þegar útgreiddra meðlaga.“

Bent er á að ekki er borið saman „við t.d. innheimtu sekta- og sakarkostnaðar hjá IMST á Blönduósi, eða virðisaukaskatts. Það er að vísu ekki sama og innheimta IS, sem er all sérstaks eðlis, en gæti þó verið frekar nær til samanburðar.“ Jafnframt er gerð athugasemd við að ekki séu birtar upplýsingar „um innheimtuhraða hjá sýslumönnum, TR eða IMST. Samkvæmt upplýsingum sem IS aflaði er ekki haldin slík tölfræði hjá umræddum aðilum. Ekki verður heldur séð að TR, Sýslumenn eða IMST birti opinberlega innheimtuárangur og hvað þá með þeirri tölfræði sem skýrsluhöfundar telja skipa máli.“



cutting through complexity

Tillögur um breytingar

Lagt er til að ábyrgð málaflokksins verði flutt alfarið yfir til ríkisins og að milliganga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði lögð af.

Þrjú valkostir eru settir fram um fyrirkomulag á framkvæmd málaflokksins hjá ríkinu.

Flutningur á ábyrgð verkefnisins

- Ljóst má vera af gögnum sem þegar hafa verið unnin og því sem fram kom í viðtölum sérfræðinga KPMG í tengslum við verkefnið að almennur vilji er til þess innan stjórnsýslunnar að breyta núverandi fyrirkomulagi verkefna Innheimtustofnunar sveitarfélaga.
 - Í viðtölum og gögnum kemur fram það mat að óeðlilegt sé að sveiflur í meðlagsgreiðslum hafi áhrif á útgjaldajöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til sveitarfélaganna.
 - Andstaða við breytingar hefur undanfarið einkum legið hjá stofnuninni sjálfri og vísa þeir til sérþekkingar og áratuga reynslu.
- Þar sem ríkið hefur milligöngu um meðlagsgreiðslur er eðlilegt að ábyrgðin á endurheimtum verði einnig á hendi ríkisins.
 - Gerð er því tillaga um að fjárhagsleg ábyrgð verkefnisins verði færð til ríkisins og milliganga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði lögð niður.
- Við flutning þessarar ábyrgðar þarf að fara fram fjárhagslegt mat á þeim fjármunum sem færast myndu frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til ríkisins.
 - Í viðtölum kom fram að rétt sé að líta til meðalgildis framlaga einhver ár aftur í tímann.
 - Hér gæti verið hægt að horfa til meðaltals greiðslna árin 2013–2014. Árið 2013 var greiðslan um 817 m.kr. og 729 m.kr. árið 2014 á verðlagi hvors árs.
 - Einnig er rétt að gera ráð fyrir endurmati á árangri í innheimtu eftir að ábyrgðin hefur verið flutt yfir til ríkisins. Eðlilegt er að báðir aðilar fái að njóta ávinningsins ef breytt fyrirkomulag leiðir til bættrar og/eða kostnaðarminni innheimtu.
 - Jafnframt þarf að finna leið til að leysa upp núverandi efnahagsreikning Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar sem meðal annars þarf að taka tillit til áfallinna lífeyrisskuldbindinga.

Valkostir

- Við flutning ábyrgðar málaflokksins eru settir fram þrjú valkostir:
 1. Innheimtustofnunin starfi áfram sem sjálfstæð stofnun á ábyrgð ríkisins.
 2. Verkefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði færð til sýslumanna.
 3. Verkefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði færð til Tryggingastofnunar ríkisins.

Athugasemdir Innheimtustofnunar:

Stjórnendur Innheimtustofnunar vara við því að flutningur verkefnisins/ sameining við aðra stofnun kunni „að kosta hundruði milljóna eða milljarða ef illa fer.“ Að þeirra mati þarf að vera skýrt hver ber tjónið „ef innheimtan reynist lakari, hver ber það eða verður því skipt?“

„Andstaða við breytingar er hjá IS og er það almenn skoðun starfsmanna stofnunarinnar. Er það byggt á sérfræðipekkingu og áratuga reynslu starfsmanna á eðli og starfi stofnunarinnar. Hefur starfsfólk IS ekki verið sannfært um að tekist hafi að sýna fram á hagkvæmni eða sparnað við fyrirhugaðan flutning málaflokksins, þvert á móti. Ber skýrsla KPMG keim af þeirri staðreynd að verkefnið sé að ákveða að flytja starfsemina til ríkis. Hefði okkur þótt nærtækara að ákvörðun væri tekin og síðan unnið út frá því, í stað þess að klæða það í einhvern búning hagræðingar, sem það er ekki að okkar meti. Á endanum ræður vilji eigenda og ríkis, en ljóst verða vera hvað slíkt kostar og hvað er í húfi. Hér er um gríðarlega fjármuni að tefla sem starfsfólk IS ætlar sér ekki að verða gert ábyrgt fyrir ef illa fer fjárhagslega.“

Fyrsti valkosturinn er að stofnunin starfi áfram að mestu í óbreyttri mynd en alfarið á ábyrgð ríkisins.

Með því yrði ábyrgð á útgreiðslu og innheimtu meðlaga á hendi sama aðila.

Innheimtustofnunin starfi áfram sem sjálfstæð stofnun á ábyrgð ríkisins

- Stofnunin breyti um nafn, verði t.d. Innheimtumiðstöð meðlaga.
- Ekki yrði lengur um að ræða aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga að skipun stjórnar.
- Jöfnunarsjóður sveitarfélaga yrði ekki lengur milliliður varðandi fjármögnun á starfsemi stofnunarinnar.
 - Aðhald varðandi innheimtuárangur kæmi þá einna helst fram í tengslum við fjárlagagerð.
 - Óvissupáttum varðandi útgjaldajöfnunarframlög til sveitarfélaga myndi fækka um einn.
- Mikilvægt er að ívilnunarheimildir í núgildandi lögum verði áfram í gildi.
- Þetta er sá valkostur sem stjórnendum stofnunarinnar hugnast best af þeim sem tilgreindir eru í skýrslunni.

Hægt væri að einfalda verulega stjórnarsýslu við innheimtuna

Mögulegt væri að útvista innheimtu meðlaga

Breytingar í rekstri

- Miðað við nútíma stjórnarsýslu væri eðlilegt að leggja niður stjórn stofnunarinnar.
- Starfsmenn stofnunarinnar taki ákvarðanir um afgreiðslu beiðna um ívilnanir á grundvelli laga, reglugerðar og verklagsreglna.
- Mikilvægt er að sett verði í lög ákvæði um heimild einstaklinga til að kæra ákvörðun stofnunarinnar til úrskurðarnefndar.
 - Í stað þess að gera ráð fyrir sérstakri úrskurðarnefnd væri hægt að bæta þessu verkefni við úrskurðarnefnd almannatrygginga, enda annast Tryggingastofnun ríkisins útgreiðslu meðlaga.
- Æskilegt er að heimildir stofnunarinnar til aðgangs að upplýsingum um skuldara verði færðar til samræmis við heimildir sem Tryggingastofnun ríkisins hefur, s.s. varðandi aðgang að upplýsingum frá skattfyrirvöldum, en stór hluti þeirra sem sækja um ívilnun starfa sem verktakar.
- Ef ekki er gerð önnur breyting á rekstarformi verður röskun á starfsemi stofnunarinnar og verkefnum með minnsta móti.
 - Starfsemin gæti verið áfram í sama húsnæði, bæði í Reykjavík og á Ísafirði.
 - Engin breyting yrði á verksviði og kjörum starfsmanna stofnunarinnar. Sérhæfing þeirra og þekking myndi nýtast áfram.
- Þessi breyting ein og sér myndi þó ekki leysa nauðsyn á tíðara upplýsingaflæði milli sýslumanna, Tryggingastofnunar ríkisins og Innheimtustofnunar.
 - Væntanlega yrði óhagkvæmt að tvær ríkisstofnanir annist framkvæmd samkynja mála.
- Vandkvæði varðandi upplýsingakerfi stofnunarinnar þyrfti áfram að leysa.
- Mikilvægt er að teknir verði upp skýrari mælikvarðar árangurs við innheimtu.
- Tækifæri gæfist til að skoða kosti þess að bjóða innheimtuna út til annarra stofnana eða einkaaðila.
 - Starfsemi stofnunarinnar myndi þá einskorðast við stjórnarsýslulegar ákvarðanir, s.s. að veita ívilnanir, og hafa eftirlit með framkvæmd innheimtunnar.
 - Með útvistun ætti að vera hægt að bæta innheimtuhlutföll og losa stofnunina undan þeim veikleikum sem eru varðandi núverandi upplýsingakerfi.

Breyting þessi krefst lagabreytinga.**Lagabreytingar sem gera þarf**

- Endurskoða þarf í heild lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971, með síðari breytingum.
- Taka þarf sérstaklega á ákvæðum er varða stjórnun stofnunarinnar og bæta inn kærheimild vegna ákvarðana stofnunarinnar.
- Felldur verði brott d-liður 10. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.
- Minniháttar breytingar þarf að gera á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007, þ.e. á 43. og 64. gr.
- Skoðað verði hvort rétt sé að byggja inn í lög in hvatningu til foreldra um að leysa málin sín á milli, t.d. með því að þiggjendur og greiðendur meðlags muni greiða þóknun fyrir þá ríkis- og sveitarfélagaábyrgð sem er á greiðslunum lögum samkvæmt, ef þeir kjósa að ríkið hafi milligöngu um greiðslu og innheimtu meðlaga.

Athugasemdir Innheimtustofnunar:

Það er einfalt að bæta innheimtu meðlaga með því að bæta upplýsingaflæði milli TR og Innheimtustofnunar.

„Hugmyndafræði um að bjóða innheimtuna út til einkaaðila er óvarlega ígrunduð og lýsir ákveðinni vanþekkingu á eðli og tilgangi starfsemi IS“.

„Fyrirséð er að ef innheimtan væri á forræði einkaaðila að stjórnslumálum og kvörtunum myndi fjölga verulega“ þar sem um er að ræða „félagslega vanskilainnheimtu.“

„Með útvistun innheimtunnar yrði Ísland eitt fárra landa í heiminum til að láta einkaaðila um svo viðkvæm mál einstaklinga. Það er engin tilviljun að öll nágrannalönd okkar er með svipaða starfsemi í kring um meðlög og við, útgreiðslu þeirra og innheimtu. Nær væri að bera sig saman við nágrannalönd og læra af reynslu þeirra og starfsemi, hvernig betur má fara og hvaða verkfæri nýtast best í innheimtunni í stað þess að ætla að finna upp hjólið á ný.“

Annar valkosturinn er að innheimta meðlaga verði falin sýslumönnum.

Sýslumenn og IMST sinna innheimtuverkefnum og er eðli þeirra að mörgu leyti sambærilegt við verkefni Innheimtustofnunar.

Verkefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði færð til sýslumanna

- Sýslumenn eru innheimtumenn ríkissjóðs, þ.e. annast innheimtu álagðra skatta og gjalda ríkisins auk sekta og sakarkostnaðar.
- Öll embætti sýslumanna utan umdæmis sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu sjá um innheimtuna, en á höfuðborgarsvæðinu annast Tollstjóri innheimtuna.
- Helstu skattar og gjöld sem sýslumenn annast innheimtu á eru eftirfarandi:
 - Þinggjöld (tekjuskattur, eignaskattur sérstakur eignaskattur, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og tryggingagjald)
 - Virðisaukaskattur
 - Bifreiðgjöld
 - Þungaskattur
 - Skipagjöld
 - Skipulagsgjald
 - Skattasektir
- Innheimtumiðstöð (IMST) er rekin hjá sýslumanninum á Norðurlandi vestra og sér hún um ýmis innheimtuverkefni sem áður voru hjá sýslumanna- og lögregluembættum.
 - Markmiðið var að samræma, einfalda og efla innheimtuna og að ná fram auknu hagræði og samlegð með annarri starfsemi sýslumannsembættisins.
- IMST annast eftirfarandi verkefni:
 - Innheimta sekta og sakarkostnaðar, þ.e. í málum sem hafa hlotið endanleg málalok fyrir dómstólum eða stjórnvöldum Íslands og á Norðurlöndum.
 - Endurkröfur bóta sem ríkissjóður hefur greitt þolendum afbrota og vegna gjafsóknarmála.
 - Innheimta fyrir Fjármálaeftirlitið, Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnun samkvæmt samningum.
- IMST tekur við verkefnum þegar þau eru orðin aðfararhæf. Ef fara þarf í frekari aðgerðir, s.s. fjárnám, annast sýslumenn í viðkomandi umdæmum framkvæmdina.
- Árið 2013 innheimti IMST um 2,7 milljarða króna.
- Sýslumenn annast einnig ýmsa þætti sífjamála, s.s. úrskurði um forsjá, meðlög o.þ.h.

Tækifærin felast einna helst í að sýslumenn fá fleiri verkefni.

Aðgengi meðlagsgreiðenda út um landið yrði greiðara að afgreiðslustöðum.

Tækifæri

- Frá ársbyrjun 2015 eru sýslumannsumdæmin á Íslandi níu sem reka alls 29 skrifstofur og útibú.
 - Aðgengi meðlagsgreiðenda út um landið yrði greiðara að afgreiðslustöðum en þó er ekki hægt að gera ráð fyrir sérhæfingu í málaflokknum á öllum afgreiðslustöðum.
- Reynsla af innheimtu skatta og tiltekinna opinberra gjalda er fyrir hendi hjá sýslumönnum.
 - Sýslumenn hafa að hluta sömu heimildir og Innheimtustofnun, s.s. varðandi kröfur á launagreiðendur vegna tiltekinna afmarkaðra gjalda.
- Verkefni sýslumanna yrðu fleiri.

Áskoranir felast m.a. í að halda því starfsfólki sem vinnur nú að verkefnum, ekki síst ef færa á umsjón verkefnisins út á land.

Jafnframt er áskorun falin í að aðlaga upplýsingakerfi sýslumanna að sérþörfum sem eru fyrir hendi varðandi innheimtu meðlaga.

Áskoranir

- Meðlagsgreiðslur eru eðlislíkari almannatryggingum heldur en sköttum, gjöldum, sektum og sakarkostnaði sem sýslumenn innheimta.
 - Skattar, opinber gjöld, sektir og sakarkostnaður eru ákveðin af stjórnvöldum og/eða dómstólum á grundvelli laga og eru ýmist lögbundnir tekjustofnar fyrir ríkissjóð eða refsing fyrir lögbrot.
 - Þessi gjöld bera því engin einkenni einkaréttarlegra greiðslna eins og meðlög.
- Ýmis rök hníga til þess að það sé ekki vönduð stjórnsýsla að koma öllu ferli við ákvörðun og innheimtu meðlaga fyrir hjá sýslumönnum.
 - Meðlagsgreiðendur þyrftu þá að leita til sama aðila í tengslum við úrskurð um meðlag eða staðfestingu samkomulags, samninga um innheimtu meðlaga og síðan framkvæmd fullnustugerða eins og fjárnáms.
 - Þegar kemur að fullnustugerð væri sýslumaður þá að framkvæma á grundvelli eigin kröfu eða ákvörðunar í einhverjum tilvikum.
- Breytingar kalla á áskoranir og er mikilvægt að tryggja samfellu í innheimtu meðlaga með því að vel takist til við flutning starfseminnar og starfsmanna í nýtt umhverfi.
 - Verðmæti núverandi starfsemi liggur að miklu leyti hjá núverandi starfsmönnum sem hafa til að mynda þekkingu á skuldurunum sem ekki eru endilega skráðar í upplýsingakerfum.
 - Erfitt gæti reynst að halda þekkingunni áfram ef starfsfólkið er ekki tilbúið til að fara til sýslumanna, t.d. ef umsjón verkefnisins yrði falin sýslumannsembætti úti á landi, sem mögulega getur haft í för með sér versnandi innheimtuárangur, a.m.k. tímabundið.
 - Gera þarf ráð fyrir að starfsmenn sem flytjast á nýjan stað haldi sínum starfskjörum við flutninginn og að staðið verði vel að flutningnum að öllu öðru leyti.
- Sjá þarf til þess að upplýsingakerfi er tengjast innheimtu meðlaga verði bætt til framtíðar með tilliti til rekstrar- og upplýsingaöryggis. Þannig þarf að fara fram sjálfstæð athugun á því hvaða kerfi er best til þess fallið að halda utanum innheimtuna til framtíðar. Jafnframt væri rétt að skoða mögulega útvistun verkefna.
 - Til að tryggja samfellu í innheimtu meðlaga er rétt að í byrjun verði haldið áfram að nota það upplýsingatæknikerfi sem Innheimtustofnun hefur látið þróa fyrir sig.
 - Ljóst er að nokkurrar aðlögunar er þörf ef kerfi sýslumanna á að bjóða upp á þær lausnir og skýrslur sem eru í núverandi kerfi Innheimtustofnunar.
 - Eins og áður hefur komið fram nam rekstrar- og viðhaldskostnaður tölvukerfis Innheimtustofnunar tæplega 22 m.kr. árið 2013. Ljóst er að fyrir slíka upphæð er hægt að framkvæma nokkra aðlögun sérþarfa meðlagsinnheimtu að upplýsingakerfum sýslumanna. Árið 2014 var rekstrar og viðhaldskostnaður tölvukerfis 14,9 m.kr.

Breyting þessi krefst lagabreytinga.

Lagabreytingar sem gera þarf

- Felld verði brott lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971, með síðari breytingum.
- Felldur verði brott d-liður 10. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.
- Endurskoða þarf lög um almannatryggingar nr. 100/2007, a.m.k. 43. og 64. gr.
- Tryggja réttindi starfsmanna við lagasetningu um flutning verkefna Innheimtustofnunar
- Taka þarf til skoðunar hvort ákvæði um innheimtu meðlaga verði í lögum sem þegar eru í gildi í dag, t.d. barnalögum sem kveða á um meðlagsskyldu, eða hvort sett verði sérlög um innheimtu meðlaga sem kveði á um hlutverk sýslumanna hvað þetta varðar.
 - Gæta verður að því að í lögunum verði heimildir til að veita meðlagsgreiðendum sambærilegar ívilnanir og eru í nógildandi lögum.
 - Gæta þarf að kærheimild vegna ákvarðana um innheimtu og ívilnun.
- Skoðað verði hvort rétt sé að byggja inn í lögin hvatningu til foreldra um að leysa málin sín á milli, t.d. með því að þiggjendur og greiðendur meðlags muni greiða fyrir þá ríkis- og sveitarfélagaábyrgð sem er á greiðslunum lögum samkvæmt.
 - Skýra ábyrgð um heimild til að innheimta allan innheimtukostnað af skuldara.
 - Taka afstöðu til Norðurlanda-/ alþjóðainnheimtu, fanga o.fl.

Athugasemdir Innheimtustofnunar:

„Innheimtuverkefni sýslumanna og IMST eru [...] ekki í eðli sínu sambærileg innheimta.“

„Árangur IMST er óljós og óþekktur.“

Fyrirséð er „að breytingar á tölvukerfum til að lagfæra tölvukerfi sýslumanna myndi fara nær 100 m.kr ef ekki mun hærra.“

Þriðji valkosturinn er að innheimta meðlaga verði færð til Tryggingastofnunar ríkisins.

Ýmis rök hníga til þess að fela sömu stofnun að greiða út meðlög og innheimta tilbaka.

Heppilegast er að færa verkefni Innheimtustofnunar til Tryggingastofnunar.

Verkefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði færð til Tryggingastofnunar ríkisins


- Tryggingastofnun ríkisins (TR) fer með almannatryggingar og annast útgreiðslur meðlaga.
- TR er því nú þegar með fyrirbyggjandi nauðsynlegar upplýsingar um meðlagsskylda einstaklinga á Íslandi sem endurheimta þarf meðlag hjá.
- Meðlagsgreiðslur eru eðlislíkari bótum almannatrygginga heldur en sköttum, gjöldum sektum og sakarkostnaði sem sýslumenn innheimta.
 - Meðlag er eftir sem áður einkaréttarleg krafa sem TR tekur greiðsluábyrgð á gagnvart móttakanda meðlags.
- TR hefur m.a. það hlutverk að endurkrefja ofgreiddar bætur.
 - Stofnunin annast endurreikninga og innheimtu að ákveðnu marki.
 - Mest er innheimt í formi skuldajöfnunar við aðrar greiðslur frá stofnuninni.
 - Stofnunin er með samninga við innheimtumiðstöð sýslumannsins á Norðurlandi vestra (IMST) og Lögheimtuna um vanskilainnheimtu.
 - Nánari upplýsingar um innheimtuferli TR eru á næstu síðu.
- Stofnunin er með nokkuð öflugt samtímaeftirlit og hefur heimildir til að leita upplýsinga beint frá RSK og Þjóðskrá en Innheimtustofnun hefur að einhverju leyti sömu heimildir.
- Mikilvægt er að ívilnunarheimildir tengdar meðlagsmálum í núgildandi lögum verði áfram í gildi.
- Það er niðurstaða KPMG að heppilegast sé að færa verkefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga til Tryggingastofnunar ríkisins.

Árið 2013 innheimti TR ofgreiddar bætur frá um 27.500 einstaklingum.

TR sér um fruminnheimtu en felur IMST og Lögheimtunni frekari innheimtuáðgerðir, m.a. aðfararbeiðnir.

Innheimtuferill TR

- Tryggingastofnun ríkisins sér um útgreiðslu meðlags og er kostur að tengja þær með skilvirkum hætti við innheimtu meðlagsgreiðslna. Með skýrum verkferlum og upplýsingakerfum má tryggja þá skilvirkni jafnvel þó öll framkvæmdin sé ekki inni í viðkomandi stofnun.
- Þó meginverkefni TR snúi að útgreiðslu á bótum þá sér stofnunin um innheimtu í þeim tilvikum þegar bætur eru ofgreiddar. Stofnunin innheimti aftur hjá um 27.500 einstaklingum árið 2013 og um 23.300 einstaklingum árið 2012.
- 88% einstaklinga skulda innan við 200 þús. kr. og 10% skulda 200–800 þús. kr. Um 1% einstaklinga skulda hærrí upphæð en 800 þús. kr.
- Fruminnheimtan er í höndum starfsmanna TR en síðan er IMST og Lögheimtunni falið að fylgja málum eftir eins og sést á ferlalykingunni hér til hliðar. Um 1.000 málum er árlega vísað til IMST.
- Til að leggja mat á innheimtuárangur Tryggingastofnunar verður hér notast við mælikvarðann afskriftir sem hlutfall af innheimtri fjárhæð á hverju ári. Afskrifaðar kröfur voru 2-7% á árunum 2010-2014 og meðalafskriftir voru tæp 4%. Heildar innheimtuárangur er því 96%. Ef eingöngu er horft til afskrifta vegna fyrninga krafna og eignarlausra dánarbúa voru meðalafskriftir tæp 5% af innheimtri fjárhæð með öðrum hætti en skuldajöfnuði. Samkvæmt þessu mati er meðal innheimtuárangur Tryggingastofnunar hjá þessum hópi á árunum 2010-2014 um 95%. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun eru afskriftir krafna hluti af reglulegu verklagi stofnunarinnar og upphæð þeirra hefur haldist svipuð á undanförunum árum.
- Eins og sjá má á ferlamyndinni hér til hliðar sjá starfsmenn TR um tiltölulega lítinn hluta innheimtuferilsins. Þegar vanskil verða færast málið fljótt til IMST. Því er öfugt farið hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga þar sem stærsti hluti ferilsins er framkvæmdur innanhúss.
- Benda má á að með því að innheimta meðlaga færast til TR er í raun verið að færa hana bæði til TR og IMST ef þessu ferli er haldið áfram.





Heimild: Tryggingastofnun ríkisins

Tækifærin felast m.a. í aðgengi meðlagsgreiðenda að rafrænum upplýsingum.

Einnig að nýta þá þekkingu sem skapast hefur hjá IS og TR til að bæta verkferla.

Tækifæri

- Það er metið mikilvægt að starfsemi meðlagsinnheimtu sé staðsett nálægt meðlagsgreiðendum og voru daglega 11–29 manns sem heimsóttu Innheimtustofnun á mánaðartímabili í september og október 2014.
- TR er samkvæmt heimasíðu sinni með 22 umboðsskrifstofur víða um landið sem eru hjá embættum sýslumanna.
 - Ættu því fleiri meðlagsgreiðendur að geta nýtt sér að heimsækja innheimtuaðilann en hægt er á þeim tveimur starfsstöðvum sem Innheimtustofnun rekur í dag þó ekki sé hægt að gera ráð fyrir sérhæfingu á hverri starfsstöð.
- Tækifæri geta falist í að nýta innheimtu- og eftirlitsaðferðir sem gefist hafa vel í hvorri stofnun til að bæta verklag við innheimtu beggja aðila.
 - Það yrði viðfangsefni eftir flutning verkefnisins að móta frekar framkvæmd við innheimtu meðlaga.
 - Tækifæri gæfist til að horfa til nýjustu strauma í innheimtumálum með það að markmiði að bæta innheimtuhlutfall meðlaga, til dæmis með úthýsingu innheimtunnar.
- Tryggingastofnun hefur fært stóran hluta upplýsingagjafar og samskipta við sína viðskiptavini inn á „Mínar síður“.
 - Hefur það leitt til minna álags á þjónustumiðstöð stofnunarinnar og lækkað kostnað við póstburðargjöld verulega eftir að þessi samskiptamáti var tekinn upp. Sá kostnaðarliður var rúmlega 7 m.kr. hjá Innheimtustofnun árið 2013 og er að stærstum hluta tilkominn að kröfu umboðsmanns Alþingis um upplýsingagjöf til skuldara.
- Tveir starfsmenn sjá í dag um innheimtumál hjá TR.
 - Tækifæri eru í að efla þá starfsemi með því að nýta sérþekkingu starfsmanna Innheimtustofnunar.
- Hægt væri að losa um húsnæði Innheimtustofnunar í Lágmúla.
 - Samkvæmt upplýsingum frá TR er nægilegt pláss í núverandi húsnæði stofnunarinnar þó einhverrar endurskipulagningar sé þörf verði verkefnin færð til TR.



Heimild: Innheimtustofnun sveitarfélaga

Áskoranir felast m.a. í að halda því starfsfólki sem vinnur nú að verkefnum.

Jafnframt er áskorun falin í að aðlaga upplýsingakerfi TR að sérþörfum sem eru fyrir hendi varðandi innheimtu meðlaga.

Áskoranir

- Breytingar kalla á áskoranir og er mikilvægt að tryggja samfellu í innheimtu meðlaga með því að vel takist til við flutning starfseminnar og starfsmanna í nýtt umhverfi.
 - Verðmæti núverandi starfsemi liggur að miklu leyti hjá núverandi starfsmönnum sem hafa til að mynda þekkingu á skuldurinum sem ekki eru endilega skráðar í upplýsingakerfum.
- Mikilvægt er að vanda vel til skipulags við flutning á nýjan stað til að lágmarka neikvæð áhrif röskunar á starfseminni á innheimtuna og til að viðhalda mikilvægri þekkingu og reynslu.
 - Erfitt gæti reynst að halda þekkingunni áfram ef starfsfólkið er ekki tilbúið til að fara til TR, sem mögulega getur haft í för með sér versnandi innheimtuárangur, a.m.k. tímabundið.
 - Gera þarf ráð fyrir að starfsmenn sem flytjast á nýjan stað haldi sínum starfskjörum við flutninginn og að staðið verði vel að flutningnum að öllu öðru leyti.
- Það er samdóma álit þeirra sem KPMG ræddi við í tengslum við þetta verkefni að vel hafi tekist til með starfsstöðina á Ísafirði. Að þeirra mati er mikilvægt að þessi stöðugildi hverfi ekki frá Ísafirði.
 - Sátt hefur verið um að nýta starfsmannaveltu Innheimtustofnunar til að fjölga starfsmönnum á Ísafirði samhliða fækkun stöðugilda í Reykjavík.
- Sjá þarf til þess að upplýsingakerfi er tengjast innheimtu meðlaga verði bætt til framtíðar með tilliti til rekstrar- og upplýsingaöryggis. Þannig þarf að fara fram sjálfstæð athugun á því hvaða kerfi er best til þess fallið að halda utanum innheimtuna til framtíðar. Jafnframt væri rétt að skoða mögulega útvistun verkefna.
 - Til að tryggja samfellu í innheimtu meðlaga er rétt að í byrjun verði haldið áfram að nota það upplýsingatæknikerfi sem Innheimtustofnun hefur látið þróa fyrir sig.
 - Fyrsta skoðun sýnir að hægt er að halda utanum grunninnheimtu meðlaga í upplýsingakerfi TR. Það er jafnframt ljóst að nokkurrar aðlögunar er þörf ef kerfið á að bjóða upp á þær lausnir og skýrslur sem eru í núverandi kerfi Innheimtustofnunar. Tölvukerfi Innheimtustofnunar er byggt á SQL en kerfi TR á Oracle grunni. Sú staðreynd gerir yfirfærslu gagna á milli kerfa dýrari og kostnaðarsamari en ella.
 - Eins og áður hefur komið fram nam rekstrar- og viðhaldskostnaður tölvubúnaðar Innheimtustofnunar um 15 m.kr. árið 2014 og 22 m.kr. árið 2013. Ljóst er að fyrir slíka upphæð er hægt að framkvæma nokkra aðlögun sérþarfa meðlagsinnheimtu að upplýsingakerfum TR.

Breyting þessi krefst lagabreytinga.**Lagabreytingar sem gera þarf**

- Felld verði brott lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971, með síðari breytingum.
- Felldur verði brott d-liður 10. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.
- Endurskoða þarf lög um almannatryggingar nr. 100/2007.
 - Færð verði í þau lög heimildir til að veita meðlagsgreiðendum ívilnanir.
 - Gætt verði að því að unnt verði að kæra ákvarðanir stofnunarinnar varðandi málefni meðlagsgreiðenda til úrskurðarnefndar almannatrygginga, að því leyti sem þær ákvarðanir í málefnum meðlagsgreiðenda heyra ekki undir valdsvið sýslumanna.
- Skoðað verði hvort rétt sé að byggja inn í lögin hvatningu til foreldra um að leysa málin sín á milli, t.d. með því að þiggjendur og greiðendur meðlags muni greiða fyrir þá ríkis- og sveitarfélagaábyrgð sem er á greiðslunum lögum samkvæmt.

Athugasemdir Innheimtustofnunar:

Stjórnendur Innheimtustofnunar segja að „Innheimta TR er eingöngu skuldajöfnun.“

„Nýjustu straumar við innheimtu“ með úthýsingu hafa hvergi verið innleiddir í nágrennalöndum okkar vegna eðlis krafna og sérstöðu.“

Ekki er hægt að lækka „póstburðargjöldin á sama hátt og TR. Felst það í þeim eðlismun að TR er að veita ívilnandi greiðslur á meðan IS er innheimtuaðili, sem eru íþyngjandi aðgerðir og ber því ríkari skyldur til að upplýsa aðila um þeirra mál. Sá samanburður er því óraunhæfur og augljós meðal annars með vísan til upplýsingaskyldu stjórnvalda.“

Innheimtustofnun „er með ‘Mínar síður’ í hönnun sem hefur staðið frá síðasta sumri.“

Varað er við þeim „möguleika að starfsfólk Innheimtustofnunar kunni að hætta störfum í talsverðum mæli og að innheimtan muni minnka“ með tilheyrandi kostnaði. Einnig má búast „við núningi milli starfsfólks TR og ‘nýrra starfsmanna’ frá IS“ sem flytjast yfir.

Fyrirséð er að „freakari fjölgun starfsmanna á Ísafirði er lokið ef kemur til þessarar sameiningar. Færa má rök fyrir því, í ljósi sögunnar, að lítil eining út á landi muni fljótt verða aflögð ef starfsemi IS sameinast TR. Yrði það væntanlega rökstutt með vísan til hagræðingar, sparnaðar og hagkvæmni sameiningar.“

Töluverður kostnaður fylgir því að aðlaga tölvukerfi TR að þörfum meðlagsinnheimtu.

Ekki verður „séð að innheimta aukist við sameiningu við sýslumenn eða TR.“ „Hvergi er vikið að sérfræðipækkingu TR á innheimtusviðinu og hvernig sú þekking muni skila sér í aukinni innheimtu meðlaga sem IS innheimtir nú.“

„Þegar IS innheimtir hjá einstaklingum sem eru meðlagsskyldir á hinum Norðurlöndunum hefur TR engar upplýsingar um þá einstaklinga.“

Hér til hliðar er gert gróft mat á mögulegum ávinningi ríkisins við hvern valkost

Ávinningurinn felst annars vegar í lækkun rekstrarkostnaðar frá núverandi fyrirkomulagi og hins vegar í bættum innheimtuárangri.

Í rammanum lengst til hægri er bent á að með því að úthýsa innheimtunni væri jafnvel hægt að ná enn meiri árangri. Sú ábending byggir meðal annars á reynslu annarra aðila eins og fjallað er um í kaflanum um innheimtuárangur.

1. Sjálfstæð stofnun á ábyrgð ríkisins

Vergur kostnaður við rekstur Innheimtustofnunar er **230 m.kr.**

Innheimtuhlutfall óbreytt 78%

Ekki forsendur til að gera ráð fyrir breytingum frá núverandi árangri

Mögulegur heildarávinningur miðað við þessar forsendur:

0 kr.

2. Verkefni IS færð til sýslumanna

Kostnaður sem gæti lækkað:

- Húsnæðiskostnaður -10 m.kr.
- Rekstur tölvukerfa -20 m.kr.
- Stjórnunarkostnaður -20 m.kr.
- Samtals -50 m.kr.

Innheimtuhlutfall hækki í 85%

- Gert er ráð fyrri að sérhæfð innheimtustarfsemi IMST geti skilað bættum árangri.
- Ávinningur af bættu innheimtuhlutfalli allt að 250 m.kr. á ári.

Mögulegur heildarávinningur miðað við þessar forsendur:

allt að 300 m.kr. á ári

3. Verkefni IS færð til TR

Kostnaður sem gæti lækkað:

- Húsnæðiskostnaður -10 m.kr.
- Rekstur tölvukerfa -20 m.kr.
- Stjórnunarkostnaður -20 m.kr.
- Samtals -50 m.kr.

Innheimtuhlutfall hækki í 85%

- Með því að færa á einn stað greiðslu meðlaga og innheimtu ætti skilvirkni við innheimtu að aukast. Að auki eru ferlin sem TR og IMST nota talin geta bætt árangur.
- Ávinningur af bættu innheimtuhlutfalli yrði allt að 250 m.kr. á ári.

Mögulegur heildarávinningur miðað við þessar forsendur:

allt að 300 m.kr. á ári

Verkefnum úthýst

Kostnaður sem gæti lækkað:

- Rekstrarkostnaður IS -230 m.kr.
- Kostnaður við eftirlit 30 m.kr.
- Samtals - 200 m.kr.

Innheimtuhlutfall hækki í 90%

- Ef tekið er mið af árangri Félagsbústaða virðist hægt að bæta innheimtuhlutfall verulega.
- Ávinningur af bættu innheimtuhlutfalli um allt að 12% yrði 430 m.kr. á ári.

Mögulegur heildarávinningur miðað við þessar forsendur:

allt að 630 m.kr. á ári

Athugasemdir Innheimtustofnunar:

Kostnaður við breytingar verður meiri en KPMG gerir ráð fyrir.

Dregið er í efa að húsnæðiskostnaður lækki um 20 m.kr. eða að kostnaður við verkefni yfirstjórnar lækki um 20 m.kr.

„Slíkar staðhæfingar lýsa skilningsleysi á meðlagskerfinu.“



cutting through complexity

© 2015 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative (“KPMG International”), svissnesku samvinnufélagi.

Nafn og kennimark KPMG eru vörumerki KPMG International Cooperative.